

Tillaga til 459. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. júní 2020

Tillaga frá 1110. fundi bæjarráðs, sem fram fór 15. júní sl., um að bæjarstjórn veiti umsögn um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum.

9. Ósk um umsögn um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum - 2020060046

Lagt fram bréf Kristjáns Þórs Júlíussonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 9. júní 2020, ásamt afriti auglýsingar nr. 460/2004, um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er óheimilt, en í bréfi ráðherra er óskað umsagnar sveitarfélagsins um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum. Umsagnarfrestur er til 9. júlí 2020.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar.